



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um skiptingu á aukaframlagi frá Íslenskri Getspá Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttapeningur ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hóteli, samþykkir að auka arðgreiðslum frá Íslenskri getspá fram að næsta Íþróttapeningur ÍSÍ árið 2027, verði áfram skipt þannig að 50% verði greitt til sambandsaðila skv. úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó og að 50% verði greitt í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ.

Greinargerð:

Á 73. Íþróttapeningi ÍSÍ var samþykkt að setja á stofn Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ og var stofnframlag sjóðsins 40% af auka arðgreiðslu Íslenskrar getspár árin 2016 og 2017, eða 50,4 millj.kr.

Sjóðnum er ætlað að stuðla að eðlilegri uppbyggingu mannvirkja ÍSÍ í Laugardalnum með það að markmiði að sambandsaðilar ÍSÍ sem þess óska geti fengið aðstöðu í húsnæði ÍSÍ. Einnig að standa undir nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum á miðstöðinni í heild sinni og byggingu á nýju húsnæði, gerist þess þörf. Aðstaða íþróttahreyfingarinnar í Laugardal og ásýnd, þar með talið anddyri húsnæðisins, þarf að vera þannig að sómi sé að.

Á Íþróttapeningi ÍSÍ 2023 var lögð fram ítarleg greinargerð þar sem fjallað var um ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir sem huga þarf að á næstu árum. Samþykkt var á þinginu að 50% af aukaarðgreiðslum frá lottó til ÍSÍ yrði ráðstafað til Viðhalds- og byggingarsjóðs ÍSÍ fram að næsta Íþróttapeningi ÍSÍ.

Á undanförunum árum hefur því sjóðurinn stækkað og er í lok árs 2024 tæpar 400 millj.kr. Sjóðurinn hefur fengið úthlutað fjármagni í gegnum rekstur ÍSÍ ásamt vaxtatekjum síðan 2017, en helsta uppistaða hans er það framlag sem hefur fengist af aukaarðgreiðslum frá lottó til ÍSÍ á síðustu árum. Má áætla að fjárþörf næstu ára til viðhalds- og byggingaverkefna sé yfir 700 millj.kr.

Húsnæði ÍSÍ í Laugardalnum er eign allrar Íþróttahreyfingarinnar. Húsnæðisþörf sambandsaðila hefur aukist talsvert undanfarin ár, m.a. vegna fjölgunar sérsambanda og aukinnar starfsemi ýmissa sambandsaðila og er ákall um ýmsar lagfæringar á núverandi húsnæði.

Nauðsynlegar framkvæmdir

Fyrir 76. Íþróttapeningi ÍSÍ árið 2023 var lögð fram samhljóða tillaga og fylgdu henni ítarlegar upplýsingar um þær úttektir sem gerðar hafa verið á húsnæði ÍSÍ, ÍBR og Íslenskrar getspár á síðustu árum og var ljóst að verulegra umbóta væri þörf. Sum af þessum húsum hafa fengið lítið viðhald undanfarna áratugi og því er til staðar uppsöfnuð viðhaldsþörf. M.a. kom fram í úttekt að hús 1 og 2, þ.e. hús ÍBR og það hús sem m.a. hýsir Cafe-easy, væru ekki með nægilega styrkingu til varnar gegn jarðskjálftum. Á árinu 2024 hófust framkvæmdir gagnvart jarðskjálftastyrkingu og er þeim

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

nánast lokið, en eingöngu á eftir að klára lokafrágang. Áætlað er að kostnaðarhlutdeild ÍSÍ, sem greiðist af Viðhalds- og byggingarsjóði séu rúmlega 30 m.kr. samtals á árunum 2024 og 2025.

Varðandi þær þafir sem voru kynntar á Íþróttabíng ÍSÍ árið 2023 hefur áfram verið horft til þess að laga ytra byrði Íþróttamiðstöðvarinnar og breyta anddyri með þeim hætti að það yrði stækkað og að nýr aðalinngangur fyrir miðstöðina yrði byggður gegnt Laugardalshöll og nýrri þjóðarhöll. Uppfærðar kostnaðaráætlanir liggja fyrir, en þó á eftir að greina þær betur og skoða möguleika á hagstæðari útfærslum.

	Heildarframkvæmd	Hlutfall ÍSÍ	Hlutur ÍSÍ
Klæðning á húsum ^{a)}	395.059.920	66,79%	263.865.802
Loftræsting – Hús 3 ^{b)}	15.000. 000	100,00%	15.000.000
Breyting á anddyri ^{c)}	532.059.920	59,77%	318.012.214
Viðhaldspörf ^{d)}	60.000.000	100,00%	60.000.000
Samtals:			656.878.016
Með 10% hækkun			722.565.818

- Samkvæmt úttekt verkfræði- og ráðgjafarfyrirtækisins VSÓ frá árinu 2021 er orðið mjög brýnt að fara í viðtækar endurbætur á ytra byrði þriggja húsanna í Íþróttamiðstöðinni þ.e. hús eitt í eigu ÍBR og hús tvö og þrjú í eigu ÍSÍ. VSÓ lagði til að farið yrði í að klæða öll fjögur húsin þar sem steypuskemmdir eru miklar og steypan mjög gljúp. Unnið hefur verið með Bjarna Snæbjörnssyni arkitekt að útfærslu og ný kostnaðaráætlun hefur verði gerð af Verkfræðistofunni Ferli, sem felur í sér klæðningu á byggingum og lagfæringu á gluggum þar sem við á. Er um ítrustu aðgerðir að ræða í þeirri áætlun og má búast við að eitthvað sé hægt sé að lækka þann kostnað.
- Við framkvæmdir á fundarsölum ÍSÍ og aðstöðu UMFÍ var gert ráð fyrir að bæta við búnaði til að bæta loftgæði, þ.e. loftræstikerfi, á síðari stigum. Vegna lofthæðar á þeirri hæð hefur þurft að leggja viðeigandi lagnir í gegnum efstu hæð í húsinu þar sem meiri lofthæð er til staðar og hefur það verið gert samhliða framkvæmdum á skrifstofuhæð ÍSÍ. Enn á eftir að klára það verk og kaupa samstöðu vegna þessa og má áætla að kostnaður við þetta verkefni verði um 15 m.kr.
- Anddyri Íþróttamiðstöðvarinnar er andlit þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Þetta anddyri er notað af öllum í húsunum fjórum. Það hefur lengi verið rætt um að bæta þessa aðkomu að húsunum og var unnin kostnaðaráætlun árið 2019 með nokkrum hugmyndum. Búið er að vinna að nýjum útfærslum varðandi anddyrið og er verið að horfa til þess að aðalinngangur verði gegnt Laugardalshöll og að þar verði aðkoma að öllum fjórum húsunum með sameiginlegu anddyri og móttöku. Samhliða yrði útbúin fundaraðstaða á jarðhæð, salernum fjölgað, útisvæði bætt og útbúin geymsla fyrir reiðhjól, svo eitthvað sé nefnt. Núverandi anddyri liggur undir skemmdum, þ.e. glerbygging lekur og nýtingin á rýminu er ekki mikil. Með þessari framkvæmd yrði bætt úr þeim þáttum og húsnæðið fært í þann búning að sómi sé að, samhliða því að bæta fundaraðstöðu fyrir alla aðila í Íþróttamiðstöðinni sem gæfi kost á þeim möguleika að nýta ýmis önnur rými í miðstöðinni með öðrum hætti.
- Viðhaldspörf er áfram mikil og má nefna óskir sambandsaðila gagnvart lýsingu, betri loftgæðum og meira rými fyrir skrifstofur sambandanna. Þá þarf að laga glugga og ofnakerfi á sumum hæðum, en þær framkvæmdir gætu þó einnig tengst framkvæmdum við klæðningu húsanna. Árlega hefur verið reynt að framkvæma fyrir um 20 m.kr. sem greitt hefur verið af

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

rekstrarfé ÍSÍ, en gera má ráð fyrir að það þurfi 50 - 70 m.kr. til að uppfylla aðkallandi þarfir, og æskilegt væri að slíkt yrði greitt af Viðhalds- og byggingarsjóði.

Hlutur ÍSÍ í ofangreindum framkvæmdum, og þá með fyrirvara um 10% hækkun frá kostnaðaráætlunum vegna verðbreytinga á næstu árum, gæti numið um 720 m.kr.

Stækkun íþróttamiðstöðvarinnar

Fjölmargir sambandsaðilar hafa kallað eftir auknu plássi og tvö nýjustu sérsamböndin hafa t.d. ekki skrifstofuáðstöðu í miðstöðinni. ÍBR hefur skoðað möguleika á að byggja ofan á hús 1 og samhliða því hefur verið skoðað hvað gæti kostað að byggja ofan á hús 2 og/eða hús 3.

Við mögulega stækkun anddyris bætast við rými sem nýtast sambandsaðilum en auk þess er horft til þess að í nýrri þjóðarhöll, og við byggingu fleiri þjóðarleikvangs, þá skapast viðbótarrými sem nýtast íþróttahreyfingunni. Með það í huga er ekki verið að leggja til að farið verði í að byggja ofan á núverandi byggingar heldur að skoðað verði hvernig hægt er að hagræða betur í núverandi húsnæði.

Þó þarf að vinna að því að laga aðkomu bíla og bæta geymslurými í húsinu, skoða möguleika varðandi rafhleðslustöðvar og hvernig hægt er að lágmarka rask við framkvæmdir við þjóðarhöll og Íþróttamiðstöðina. Er ekki gert ráð fyrir þeim þáttum í ofanverðum tölum.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir mikilvægu hlutverki sem hjarta íþróttahreyfingarinnar og er mikill ávinningur af því að hafa flest sérsambönd ÍSÍ í sömu byggingu, ekki síst fyrir starfsmenn sérsambanda sem geta leitað stuðnings og samráðs til félaga sinna í öðrum samböndum. Núna þegar skrifstofa UMFÍ er einnig komin í Íþróttamiðstöðina, þá eykst enn mikilvægi þessa húsnæðis fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

Markmið framkvæmdastjórnar ÍSÍ með þessari tillögu er að tryggja fjármagn til fyrrnefndra framkvæmda, en einnig að geta sýnt stjórnvöldum fram á getu Viðhalds- og byggingarsjóðs til stærri framkvæmda og fá móttframlög frá stjórnvöldum til stuðnings skilgreindra stærri framkvæmda við Íþróttamiðstöðina.